



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Höfðabakki 5 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 4. júlí 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. júní 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs, frá. 26. júní 2019, á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða eystri vegna lóðarinnar nr. 5 við Höfðabakka, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur unnið að endurskoðun stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir í vetur. Liður í því að veita þeim einstaklingum sem tilheyra þeim hópi sem besta þjónustu er að bjóða "húsnæði fyrst" þjónustu, þar sem húsnæði býðst með einstaklingsbundnum stuðningi og þjónustu. Auglýsing þessa deiliskipulags er gerð í kjölfar ákvörðunar borgarráðs frá 2018 þar sem samþykkt var að fela umhverfis- og skipulagssviði að finna lóðir fyrir allt að 25 smáhýsi í borgarlandinu. Það hefur reynst tímafrekara að koma upp smáhýsum í borgarlandi en upphaflega var áætlað, en þess er gætt að veita þeim sem bíða eftir smáhýsi þjónustu. Meðal annars með fjölgun rýma í gistiskýli, Konukoti og tímabundið í Víðinesi auk þess sem VOR teymið veitir hverjum og einum þjónustu þar sem viðkomandi kys að búa með mannvirðingu, valdeflingu og skaðaminnkun sem leiðarljós.

Helga Björk Laxdal

e.u.